

Reykjavíkurborg

ÁRSREIKNINGUR

2010



Reykjavíkurborg
kt. 530269-7609
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavíkurborg

ÁRSREIKNINGUR

2010

EFNISYFIRLIT

	bls.
Skýrsla og áritun borgarstjóra	2
Áritun borgarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Áritun skoðunarmanna	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Yfirlit yfir sjóðstreymi	9
Skýringar	10 - 29

Skýrsla og áritun borgarstjóra

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A hluta og B hluta. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en í B hluta eru fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samkvæmt rekstrarreikningi A hluta voru rekstrartekjur 61.019 millj. kr. á árinu, en þar af námu skatttekjur 49.944 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03%, en lögbundið hámark er 13,28%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,214% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C flokki. Lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C flokki. Rekstrartekjur A og B hluta námu samtals 95.959 millj. kr. á árinu.

Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 1.472 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 13.671 millj. kr. Að öðru leyti er vísað í ársreikninginn um ráðstöfun hagnaðar.

Laun og launatengd gjöld A hluta á árinu voru samtals 31.762 millj. kr., en þar af var breyting lífeyrisskuldbindingar 370 millj. kr.

Heildareignir A og B hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi námu í árslok samtals 452.644 millj. kr., heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 313.329 millj. kr. Eigið fé nam 139.315 millj. kr., en þar af nam hlutdeild minnihluta 7.157 millj. kr.

Þann 31. desember 2010 var fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg samtals 118.898.

Reykjavíkurborg hefur gert kröfu á Landsbanka Íslands hf vegna uppgjors Peningamarkaðssjóða en kröfunni hefur verið hafnað. Borgin mun leita réttar síns fyrir dómstólum til að knýja á um fullar endurheimtur hennar. Reykjavíkurborg telur sig í fullum rétti en mjög óvíst er þó um að greiðslan fáiast greidd úr þrotabúi Landsbankans, sjá nánar í skýringu nr. 57.

Reykjavíkurborg á í málaferlum vegna skila á seldum byggingarrétti á lóðum. Nokkur dómsmál eru í gangi og er óvissa um niðurstöður þeirra, sjá nánar í skýringu nr. 55.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010 er hér með staðfestur með undirritun.

Reykjavík, 31. maí 2011.

Jón Gnarr
borgarstjóri

Áritun borgarstjórnar

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010 er hér með staðfestur með undirritun.

Reykjavík, 31. maí 2011.

Borgarstjórn

Áritun óháðs endurskoðanda

Til borgarstjórnar Reykjavíkur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning A hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn ársreikning A og B hluta. Hann greinist í skýrslu borgarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits Reykjavíkurborgar sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits borgarinnar. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Reykjavíkurborgar á árinu 2010, efnahag hennar 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 31. maí 2011

PricewaterhouseCoopers ehf

Ólafur Gestsson
löggiltur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Til borgarstjórnar Reykjavíkur

Við undirritaðir skoðunarmenn höfum fylgst með undirbúningi og vinnu við uppgjör og endurskoðunarferli vegna ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010. Við höfum setið reglulega fundi stjórnenda og starfsfólks Reykjavíkurborgar með ytri endurskoðendum þar sem jafnaðarlega er farið yfir ýmsa þætti varðandi endurskoðun og uppgjör. Við höfum tekið þátt í kynningum forstöðumanna á ársreikningum B-hluta stofnana. Við höfum átt fundi með forstöðumönnum fjármálaskrifstofu og innri endurskoðunar og einnig átt fundi með endurskoðendum Reykjavíkurborgar þar sem sérstaklega hefur verið farið yfir aðferðafræði, athugasemdir og vafaatriði í sambandi við endurskoðunina. Sérstaklega var farið yfir uppgjör og endurskoðun á ársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur með endurskoðendum Orkuveitunnar ásamt ytri endurskoðendum og sérfræðingum þeirra.

Við teljum okkur vel upplýsta um helstu meginþætti sem snúa að endurskoðun og uppgjöri og undirritum ársreikninginn í því ljósi.

Í áritun okkar kemur fram það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Reykjavíkurborgar á árinu 2010, efnahag hennar 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010 í samræmi við lög og reikningsskilareglur.

Reykjavík, 31. maí 2011.

Ari Skúlason

Magnús Þór Gylfason

Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýr	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2010	Fjárhagsáætlun 2010	Ársreikningur 2010	Fjárhagsáætlun 2010
REKSTRARTEKJUR	3,24				
Skatttekjur		49.944.277	47.502.178	49.472.625	46.897.017
Aðrar tekjur		11.074.736	10.141.364	46.486.362	42.858.349
Rekstrartekjur samtals		61.019.013	57.643.542	95.958.987	89.755.366
REKSTRARGJÖLD	4				
Laun og launatengd gjöld	25	31.761.802	32.242.662	40.033.328	40.408.841
Annar rekstrarkostnaður		26.505.623	24.839.192	35.785.521	33.726.229
Afskriftir	9,10,33	2.969.868	2.416.361	12.784.971	13.629.196
Rekstrargjöld samtals		61.237.292	59.498.216	88.603.820	87.764.267
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		(218.279)	(1.854.674)	7.355.167	1.991.099
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5,26	1.690.651	1.749.868	10.505.375	(4.733.747)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta og áhrif hlutdeildarféлага		1.472.372	(104.806)	17.860.542	(2.742.647)
Tekjuskattur	49	0	0	(2.968.617)	1.815
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	11,28	0	0	8.732	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturféлага		0	0	(1.229.651)	111
Rekstrarniðurstaða.....	27,42	1.472.372	(104.806)	13.671.007	(2.740.721)

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	Skýr	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2009	Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2009
FASTAFJÁRMUNIR					
Óefnislegar eignir:					
Óefnislegar eignir	6,29	0	0	1.514.124	1.648.403
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7,9,10				
Fasteignir		71.923.671	54.296.248	118.942.542	100.608.125
Veitukerfi		0	0	238.274.382	230.824.558
Gatnakerfi		10.426.678	8.437.429	11.026.695	9.012.611
Áhöld og tæki		1.325.124	1.270.094	4.427.363	4.512.515
Leigugeignir		9.629.420	0	9.629.420	0
	30- 37	93.304.893	64.003.772	382.300.401	344.957.809
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum	11,38	6.371.521	6.290.165	4.261.582	4.544.609
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	12,40	1.117.136	1.175.043		0
Innbyggðar afleiður	39	0	0	18.809.205	19.036.283
Tekjuskattsinnæign	19,49	0	0	311.840	1.194.314
Aðrar langtímakröfur	12,13,40	2.380.946	3.490.806	9.828.488	11.296.113
		9.869.603	10.956.014	33.211.115	36.071.319
Fastaffjármunir samtals		103.174.495	74.959.786	417.025.641	382.677.530
VELTUFJÁRMUNIR					
Birgðir	14	0	0	788.530	920.556
Skammtímakröfur:	13,15				
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur		6.760.459	6.699.706	10.790.616	10.659.474
Næsta árs afborg. langtímakr. á eigin ft.	40	108.009	123.224	0	0
Næsta árs afborganir annarra langtímakr.	40	703.438	895.356	894.920	1.221.126
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki		897.992	455.317	0	0
Fyrirframgreiddur kostnaður		0	0	66.358	228.219
Innbyggðar afleiður	39	0	0	1.601.900	1.127.990
Aðrar skammtímakröfur		1.811.018	1.254.567	2.411.227	1.593.353
Handbært fé	16	14.667.868	13.205.912	19.064.385	18.091.399
Veltuffjármunir samtals		24.948.785	22.634.081	35.617.936	33.842.118
EIGNIR SAMTALS		128.123.280	97.593.867	452.643.576	416.519.648

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eigið fé og skuldir

	Skýr	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2009	Ársreikningur 2010	Ársreikningur 2009
EIGIÐ FÉ					
Eiginfjárreikningur	42	80.314.437	63.769.573	132.157.298	104.048.061
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga		0	0	7.157.269	6.126.807
Eigið fé samtals		80.314.437	63.769.573	139.314.567	110.174.868
SKULDBINDINGAR					
Lífeyrisskuldbinding	18,43	8.378.247	9.131.541	9.115.554	9.912.266
Tekjuskattsskuldbinding	19,49	0	0	3.922.469	114.924
Aðrar skuldbindingar	18	49.947	49.642	49.947	49.642
Skuldbindingar samtals		8.428.194	9.181.183	13.087.970	10.076.832
LANGTÍMASKULDIR					
Langtímaskuldir við lánastofnanir	20,44-45	16.957.381	13.955.118	254.056.293	263.330.184
Leiguskuldir	21,46	12.104.705	0	12.104.705	0
Aðrar fjárskuldir (gangvirði afleiða)		0	0	23.395	50.186
Langtímaskuldir samtals		29.062.086	13.955.118	266.184.393	263.380.370
SKAMMTÍMASKULDIR					
Skuldir við lánastofnanir		0	1.342.997	942.398	6.790.528
Viðskiptaskuldir		2.186.042	1.154.132	4.490.941	3.463.355
Næsta árs afborganir langtímaskulda	45	1.198.644	1.363.602	18.444.479	13.537.197
Næsta árs afborganir leiguskulda	46	442.021	0	442.021	0
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	43	1.164.100	1.140.700	1.196.529	1.176.070
Skuldir við eigin fyrirtæki		250.865	321.455	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	47-48	5.076.891	5.365.106	8.540.278	7.920.427
Skammtímaskuldir samtals		10.318.563	10.687.992	34.056.646	32.887.577
Skuldir og skuldbindingar samtals		47.808.843	33.824.293	313.329.009	306.344.780
EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS		128.123.280	97.593.867	452.643.576	416.519.648
<i>Skuldbindingar utan efnahagsreiknings</i>	50-52	326.152.524	361.216.575	113.446.584	141.593.426

Yfirlit yfir sjóðstreymi ársins 2010

Skýr	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2010	Fjárhagsáætlun 2010	Ársreikningur 2010	Fjárhagsáætlun 2010
REKSTRARHREYFINGAR				
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi.....	1.472.372	(104.806)	13.671.007	(2.740.721)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Sölutap (-hagnaður) eigna	(171.283)	(419.800)	14.347	(450.960)
Reiknaðar afskriftir	33 2.969.868	2.416.361	12.784.971	13.629.196
Verðbætur, afföll og gengismunur	5 329.485	432.260	(13.820.568)	1.756.743
Breyting niðurfærslu langtímakrafna	1.147.000	0	1.147.417	0
Álafleiður	0	0	(246.832)	0
Áhrif dótturfélaga og hlutdeild minnihluta	0	0	1.220.918	(111)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	43 369.950	1.100.000	353.678	1.140.135
Breyting tekjuskattskuldbindingar	0	0	2.945.538	0
Önnur breyting	305	0	305	(1.015.591)
Veltufé frá rekstri	6.117.696	3.424.015	18.070.783	12.318.691
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Birgðir, lækkun, (hækkun)	0	0	132.026	(25.000)
Óinnheimtar tekjur, (hækkun), lækkun	(154.670)	0	(360.310)	42.976
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun), lækkun	(461.981)	0	158.918	(89.383)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun	(141.855)	0	545.905	(37.961)
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna ársins	(1.099.844)	(1.300.000)	(1.129.931)	(1.300.000)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(1.858.350)	(1.300.000)	(653.391)	(1.409.368)
Handbært fé frá rekstri	4.259.345	2.124.015	17.417.392	10.909.323
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR				
	23			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	29-31 (5.328.022)	(5.660.000)	(22.292.153)	(26.400.640)
Greidd gatnagerðargjöld og bygg.rettur	28.907	0	208.076	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	361.200	440.000	607.584	654.351
Breyting á eignarhlutum	(81.356)	(88.120)	(180.981)	(88.120)
Skammtímalíðir vegna fjárfestinga	0	0	(277.148)	0
Langtímakröfur, breyting	228.786	311.186	220.417	429.462
Aðrar hreyfingar	0	0	8.472	(205.000)
Fjárfestingarhreyfingar	(4.790.485)	(4.996.934)	(21.705.732)	(25.609.947)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR				
Tekin ný langtímalán	4.201.308	5.800.000	22.880.131	26.385.747
Afborganir langtímalána og skuldbindinga	(1.694.947)	(1.458.627)	(7.395.836)	(12.743.668)
Innborgað hlutafé/aðrar breyt. á eigin fé	0	0	25.244	725.000
Skammtímafjármögnun	0	0	(10.287.803)	390.000
Arður	0	0	(94.938)	0
Aðrar hreyfingar	(513.265)	(1.101.613)	0	106.600
Fjármögnunarhreyfingar	1.993.096	3.239.760	5.126.798	14.863.679
HÆKKUN(LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ.....	1.461.957	366.841	838.457	163.055
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN.....	13.205.912	13.205.912	18.091.399	18.091.399
ÁHRIF GENGISBREYT. Á HANDBÆRT FÉ...	0	0	134.528	0
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK.....	16 14.667.868	13.572.753	19.064.385	18.254.454

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Reykjavíkurborgar hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi hennar, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þessara fyrirtækja er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi borgarinnar eru Aflvaki hf., Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Jörundur ehf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga.

Innfalið í samanteknum ársreikningi A og B hluta er ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur, sem er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Innleiðing IFRS, leiðir til breytinga á reikningsskilaaðferðum. Veigamestu frávik frá kostnaðarverðsreglu í reikningsskilum Orkuveitu Reykjavíkur eru;

- hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis.
- afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.
- fjármálagerningar á gangverði í gegnum rekstrarreikning eru færðir á gangvirði.

Reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að því undanskildu sem kemur fram í skýringu nr 2.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga borgarinnar. Af viðskiptum milli rekstrareininga borgarinnar má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti á viðskiptastöðu og langtímalán vegna yfirfærslu eigna og fjárfestinga.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

2. Í ársbyrjun 2010 breytti sveitarfélagið reikningsskilaaðferðum sínum á eftirfarandi hátt:

a. Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja

Sveitarfélagið innleiddi í ársbyrjun álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1/2010 færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Innleiðing áljótsins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum og færir sveitarfélagið nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna fasteignir og önnur mannvirki sem það hefur leigt til sín samkvæmt leigusamningum til lengri tíma en þriggja ára og skuldbindingu vegna leigusamninga meðal langtímaskulda. Upptaka reikningsskilaaðferðar miðast við 1. janúar 2010 og felur í sér afturvirka beitingu reikningsskilaaðferðar á þann hátt að bókfært verð eigna og skulda færðra í efnahag vegna innleiðingar reikningsskilaaðferðar miðast við að reikningsskilaaðferð hafi verið beitt frá samningsdegi. Til samræmis við álitinu eru áhrif innleiðingar reikningsskilaaðferðarinnar færð á eiginfjárreikning 1. janúar 2010 og lækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 2.411 millj. kr. vegna þessa. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar hefur ekki áhrif á samanburðarfjárhæðir.

b. Færsla á lóðum og lendum

Sveitarfélagið innleiddi í ársbyrjun álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 2/2010 færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Innleiðing áljótsins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum og færir sveitarfélagið nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna lóðir og lendum sem það hefur leigutekjur af. Lóðir og lendum sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru nú endurmetnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar miðast við 1. janúar 2010 og eru lóðir og lendum sveitarfélagsins endurmetnar til gangvirðis miðað við þann dag. Vegna þessa hækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 16.335 millj. kr. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar felur ekki í sér afturvirka leiðréttingu á reikningsskilum sveitarfélagsins.

Reikningsskilaaðferðir

Innlausn tekna

3. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Skatttekjur eru útsvar, fasteignaskattar og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðaleiga.

Framlög til stofnkostnaðar og innheimt gjöld vegna framkvæmda eru tekjufærð í rekstrarreikningi á nýtingartíma fjárfestingarinnar, nema ef um óverulegar fjárhæðir er að ræða. Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Sama á við um styrki.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er fært í rekstrarreikning á meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

Lotun gjalda

4. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

5. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast er fært í rekstrarreikning.

Óefnislegar eignir

6. Hitaréttindi eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign á afskrifuðu kostnaðarverði. Hitaréttindi eru aðskilin frá landi við kaup. Undirbúningskostnaður er eignfærður í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign, ef ásættanlegar líkur eru á því að verkefnið skili tekjum síðar. Kostnaðurinn er færður til gjalda á áætluðum nýtingartíma. Aðrar óefnislegar eignir eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum.

Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

7. Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum sem miðaðar eru við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Hjá A hluta eru kaup á áhöldum og tækjum undir 2,5 millj. kr. gjaldfærð.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á sammingsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Við upphaflega færslu leigðra eigna í ársbyrjun 2010 er kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir reiknaðar frá sammingsdegi leigusamnings.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðartekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Dreifikerfi og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi A og B hluta sem er gangvirði þeirra á endurmatssdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar yfir eigið fé. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning.

Fjármálagerningar

8. Fjármálagerningur er flokkaður sem fjáreign eða fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hann veltufjáreign eða veltufjárskuld eða ef hann er tilgreindur sem fjármálagerningur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning hjá Orkuveitu Reykjavíkur eru færðar á gangvirði í efnahagsreikning. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Orkuveita Reykjavíkur notar afleiðusamninga til að verjast gjaldmiðla-, vaxta- og álverðsáhattu. Innbyggðar afleiður eru aðskildar frá grunnsamningum og færðar sérstaklega þegar efnahagsleg einkenni og áhætta grunnsamningsins og innbyggðar afleiðu eru ekki nátengd, annar gerningur með sömu ákvæði og innbyggða afleiðan væri skilgreindur sem afleiðusamningur og blandaði gerningurinn er ekki metinn á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði í efnahagsreikning og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning.

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

9. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eigna þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar, skrifstofu- og skólahúsnæði.....	25-50 ár
Aðrar byggingar.....	25-50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	25 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Orkuveitan, dreifikerfi.....	5-50 ár
Orkuveitan, framleiðsla.....	5-50 ár
Orkuveitan, hitaréttindi.....	100 ár
Áhöld og tæki.....	3-15 ár

Afskriftir leigðra eigna

10. Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við leigutíma eða áætlaðan nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomaandi eignar. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	4-33 ár
-----------------	---------

Eignarhlutir í félögum

11. Í ársreikningi Aðalsjóðs eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði, en bókfært verð eignarhluta Aðalsjóðs í árslok 2001 er þó óbreytt í ársreikninginn. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög A hluta til reksturs byggðasamlaga teljast hluti kostnaðar viðeigandi málaflokks.

Í samanteknum ársreikningi A og B hluta eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild borgarinnar í afkomu og eigin fé hlutdeildarféлага er færð í ársreikninginn. Eignarhlutir í félögum, þar sem borgin á minna en 20% eignarhlut, eru færðir á kostnaðarverði.

Niðurfærsla eignarhluta í félögum sem hafa orðið fyrir virðisrýrnun er reiknuð og færð í ársreikninginn að undangengnu mati.

Skýringar, frh.

Langtímakröfur

- Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánakjör að teknu tilliti til niðurfærslu. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi á meðal veltufjármuna.

Niðurfærslur krafna

- Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu, er færð í rekstrarreikning.

Birgðir

- Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

Skammtímakröfur

- Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

Handbært fé

- Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

- Lönd og lóðir í eigu A hluta sem ekki eru leigðar út og fjárfesting í umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, nema þau hafi verið keypt á undanförunum árum vegna skipulags eða lóðaúthlutunar.

Skuldbindingar

- Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna borgarinnar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er færð í rekstrarreikning

Aðrar skuldbindingar í efnahagsreikningi eru annars vegar tekjuskattsskuldbinding og hins vegar ábyrgðir Húsnæðisnefndar Reykjavíkur vegna byggingargalla.

Skýringar, frh.

Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattsinnæign

19. Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattsinnæign félaga í B hluta er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félaganna er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

Langtímaskuldir

20. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok ársins eins og lánakjör segja til um.

Leiguskuldir

21. Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksgreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksgreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir af eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti. Lágmarksgreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksgreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánakjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

Fjárhagsáætlun

22. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymi.

Yfirlit um sjóðstreymi

23. Í fjárfestingarhreyfingum í yfirliti um sjóðstreymi er færð sú fjárfesting borgarinnar, sem hefur áhrif á handbært fé. Að auki er tilgreind sú fjárfesting, sem ráðist er í og fjármögnuð er með viðskiptaskuld eða lánsamningi.

Skýringar, frh.

Rekstrartekjur

24. Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2010	Fjárhagsáætlun 2010	Ársreikningur 2010	Fjárhagsáætlun 2010
Skatttekjur				
<i>Útsvar:</i>				
Staðgreiðsla	39.033.624	38.898.695	39.033.624	38.898.695
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs	(2.306.668)	(2.298.695)	(2.306.668)	(2.298.695)
	<u>36.726.956</u>	<u>36.600.000</u>	<u>36.726.956</u>	<u>36.600.000</u>
Eftirá álagt útsvar	2.265.190	0	2.265.190	0
Skattbreytingar	(236.086)	0	(236.086)	0
Breyting á niðurfærslu	(550.000)	0	(550.000)	0
	<u>38.206.060</u>	<u>36.600.000</u>	<u>38.206.060</u>	<u>36.600.000</u>
<i>Fasteignaskattar:</i>				
Fasteignaskattur	11.018.923	10.210.956	10.575.900	9.642.528
Lóðaleiga	712.069	691.222	683.440	654.489
	<u>11.730.993</u>	<u>10.902.178</u>	<u>11.259.340</u>	<u>10.297.017</u>
<i>Framlög Jöfnunarsjóðs:</i>				
Útgjaldajöfnunarframlag	7.225	0	7.225	0
	<u>7.225</u>	<u>0</u>	<u>7.225</u>	<u>0</u>
Skatttekjur samtals	<u>49.944.277</u>	<u>47.502.178</u>	<u>49.472.625</u>	<u>46.897.017</u>
Aðrar tekjur				
Þjónustutekjur	16.492.730	15.323.147	54.009.869	
Framlag Jöfnunarsjóðs	1.162.959	693.000	1.162.959	
Eignatekjur	472.865	417.319	1.565.808	
Endurgreiðslur annarra	3.450.506	3.406.744	3.572.767	
Aðrar tekjur	4.416.362	4.077.732	7.844.291	
Söluhagnaður (tap) eigna	171.283	420.000	312.726	
Milliviðskipti tekin út	(15.091.970)	(14.196.578)	(21.982.058)	
	<u>11.074.736</u>	<u>10.141.364</u>	<u>46.486.362</u>	<u>42.858.349</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>61.019.013</u>	<u>57.643.542</u>	<u>95.958.987</u>	<u>89.755.366</u>

Laun og launatengd gjöld

25. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2010	Fjárhagsáætlun 2010	Ársreikningur 2010	Fjárhagsáætlun 2010
Laun	25.192.270		32.275.165	
Launatengd gjöld	6.280.462		8.095.922	
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>31.472.732</u>	<u>31.142.662</u>	<u>40.371.087</u>	<u>39.268.706</u>
Breyting áfallins orlofs	73.000		125.131	
Millifærð laun / eignfærð laun	(153.879)		(815.295)	
	<u>31.391.853</u>	<u>31.142.662</u>	<u>39.680.923</u>	<u>39.268.706</u>
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	369.950	1.100.000	352.404	1.140.135
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>31.761.802</u>	<u>32.242.662</u>	<u>40.033.328</u>	<u>40.408.841</u>
Stöðugildi að meðaltali	6.498		7.710	

Laun og launatengd gjöld vegna borgarráðs og borgarstjórnar námu 113,8 millj. kr. á árinu 2010.

Skýringar, frh.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

26. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Arður af eignarhlutum	936.964	17.889
Ábyrgðargjald	935.513	219.522
Vaxtatekjur og verðbætur	1.674.553	1.875.169
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.957.629)	(6.720.572)
Fjármagnstekjuskattur	(135.940)	(136.340)
Gengismunur	237.191	15.635.062
Gangvirðisbreytingar og framvirkir samningar	0	(385.356)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	1.690.651	10.505.375

Heildaryfirlit um rekstur

27. Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja borgarinnar greinist þannig:

	Ársreikningur 2010		Fjárhagsáætlun 2010	
Aðalsjóður	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Skatttekjur	652.615	51.094.409	(50.441.794)	(48.800.000)
Framlög til B-hlutafyrirtækja	2.424.842	0	2.424.842	2.418.686
Íþrótt- og tómstundasvið	8.011.854	1.467.425	6.544.429	6.310.070
Leikskólasvið	10.246.436	1.209.902	9.036.534	8.963.583
Menningar- og ferðamálasvið	2.876.434	225.920	2.650.514	2.674.680
Menntasvið	19.078.769	1.913.691	17.165.078	16.999.046
Sameiginlegur kostnaður	5.320.167	994.241	4.325.927	4.728.832
Skipulags- og byggingarsvið	528.087	59.761	468.326	500.464
Umhverfissvið og samgöngusvið	5.546.564	896.738	4.649.826	4.814.938
Velferðarsvið	13.285.106	4.498.650	8.786.455	9.811.101
Rekstur málaflokka Aðalsjóðs	67.970.874	62.360.737	5.610.137	8.421.401
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	173.033	6.585.716	(6.412.683)	(6.052.571)
Aðalsjóður samtals	68.143.907	68.946.453	(802.546)	2.368.830
A hluta stofnanir				
Eignasjóður	14.230.551	14.900.377	(669.826)	(2.264.024)
Milliviðskipti A hluta	(16.242.101)	(16.242.101)	0	0
A hluti samtals	66.132.357	67.604.730	(1.472.372)	104.806
B hluta fyrirtæki				
Aflvaki hf.	206	578	(371)	(211)
Bílastæðasjóður Reykjavíkur	558.519	580.818	(22.299)	(19.895)
Faxaflóahafnir sf.	2.048.054	2.317.838	(269.785)	(101.880)
Félagsbústaðir hf.	2.904.968	2.537.882	367.086	817.805
Íþrótt- og sýningahöllin hf.	297.678	377.467	(79.789)	111.619
Jörundur ehf.	3.270	236	3.034	1.613
Malbikunarstöðin Höfði hf.	1.269.847	1.344.308	(74.461)	3.362
Orkuveita Reykjavíkur	24.963.701	38.668.180	(13.704.479)	(27.484)
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins	242.269	179.401	62.869	49.753
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	1.567.542	1.824.758	(257.216)	154.244
Sorpa bs.	1.843.618	1.883.337	(39.720)	16.344
Strætó bs.	3.239.314	3.579.547	(340.233)	(98.778)
Milliviðskipti B hluta	(6.425.929)	(7.361.741)	935.812	1.729.421
	32.513.056	45.932.609	(13.419.553)	2.635.913
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna	0	8.732	(8.732)	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga	0	(1.229.651)	1.229.651	2
B hluti samtals	32.513.056	44.711.691	(12.198.635)	2.635.915
A og B hluti samtals	98.645.414	112.316.421	(13.671.007)	2.740.721

Niðurstaða fjármunatekna og fjármagnsgjalda A hluta stofnana og B hluta fyrirtækja eru færð meðal gjalda ef um gjöld er að ræða, annars meðal tekna.

Skýringar, frh.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага

28. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага greinist þannig:

	A og B hluti
Minjavernd hf	(15.055)
Orkuveitan - hlutdeildarfélag	24.308
Sorpa bs. - hlutdeildarfélag	(520)
	<u>8.732</u>

Óefnislegar eignir

29. Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Óefnislegar eignir
Heildarverð 1.1.2010	3.945.210
Afskrifað 1.1.2010	(2.296.807)
Bókfært verð 1.1.2010	1.648.403
Endurflokkun eigna	(13.285)
Eignfært á árinu	96.927
Afskrift ársins	(217.920)
Bókfært verð 31.12.2010	<u>1.514.124</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

A hluti

30. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2010	89.774.226	9.521.195	2.150.937	101.446.359
Afskrifað 1.1.2010	(35.477.978)	(1.083.766)	(880.843)	(37.442.587)
Bókfært verð 1.1.2010	54.296.248	8.437.429	1.270.094	64.003.772
Endurmat lóða og lendna 01.01.2010	16.334.916	0	0	16.334.916
Endurmat lóða og lendna í árslok	1.149.008	0	0	1.149.008
